

## 17.fundur Skólaráðs Grunnskólans á Þingeyri þriðjudaginn 25.október 2016 kl 15:20

Mættir á fundinn:

Skólastjóri: Erna Höskuldsdóttir

Fulltrúar kennara: Edda Björk og Kristin Björk

Fulltrúar foreldra: Ragnheiður Laufey

Fulltrúi starfsmanna: Jón

Fulltrúi nemenda : Ásrós Helga , Lísbet Óla var fjarverandi

Fulltrúi grendar samfélagsins: Þorbjörg Gunnars

Erna setti fundinn og stiklaði yfir heimasíðu skólans, hvað væri nýtt þar inni og fl. Síðan er í vinnslu þessa dagana og margt nýtt að koma inn.

Erna kynnti skólaráðið og fór yfir hlutverkin

Kristín Björk kom í stað Borgnýjar Gunnars og þökkum við Borgný góð störf

Fundarritari Edda Björk las síðustu fundargerð.

Farið var yfir skóladagatalið og kynntar breytingar varðandi starfsdag í nóvember.

Farið var yfir starfsáætlun og markmið vetrarins.

### 1. Hreyfistundir.

Erna talaði um hreyfistundir sem verða settar markvisst inn 2x í viku til viðbótar við íþrótt og sundkennslu. Tillaga hennar er Jóga verði tekið inn og var vel í það tekið. Þurfum við að verða okkur út um þunnar dýnur og ef til vill að fá jógakennara til að koma í heimsókn til okkar að kynna okkur hugarheim jógaiðkunnar.

### 2. Stilla saman strengi

Stefna Ísafjarðarbæjar. Okkur hefur gengið ágætlega að vinna eftir henni, nemendur hafa verið að hækka sig jafnt og þétt í stærðfræði og lestri og eins er verið að fylgja eftir logos greiningum og lesferilspróf gerð. Það er okkar vilji og markmið að bæta námsárangur barna okkar.

### 3. Sjálfsmatskýrsla Farið var yfir sjálfsmatskýrslu skólans og gefur hún til kynna að við erum að bæta námsárangur nemenda töluvert.

#### 4. Framkvæmdir

Forgangur: Þak á miðjuhluta lekur, loftræsting og fl.

Mála þarf gamla hlutann.

Framhlið: -gera aðgengi huggulegra. Laga þakrennur, mála glugga og fl.

Listaverk: Hugmynd um að gera listaverk með nemendum til að prýða framhlið skólans.

Önnur mál:

Heimasíða skólans verður áfram óbreytt og facebook síðan verður virkjuð enn meira. Hægt er að fylgjast með skólstarfinu í gegnum þessar tvær síður svo ekkert ætti að fara framhjá fólki hvað er helst að fréttu.

Fleira ekki gert , fundi slitið kl 16:00

Edda Björk fundarritari